

Alþingi
Erindi nr. P 140/1503
komudagur 13.3.2012

09.03.12

Vegagerðin
b.t. vegamálastjóra
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík



393. mál

Efni: Rekstrarstyrkur vegna áætlunarflugs til Vopnafjarðar og Þórshafnar

Á fundi hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 8. mars sl., var lögð fram meðfylgjandi umsögn Vopnafjarðarhrepps um samgönguáætlun 2011-2014 og 2011-2022, sem dagsett er 23. feb. sl.

Í kaflanum um flugsamgöngur kom fram að rekstrarstyrkur til flugsamgangna til Vopnafjarðar og Þórshafnar er ekki tryggður nema til áramóta 2013/2014. Fundarmenn töldu þetta algerlega óásættanlegt, þar sem hér er um eina almenningsamgöngumátan til og frá sveitarfélaginu að ræða. Mjög brýnt rað þegar í stað verði hafist handa við að tryggja þennan mikilvæga samgöngumáta til og frá Vopnafirði.

Í þessu sambandi samþykkti hreppsnefnd svofellda ályktun samhljóða::

“ Vopnafjarðarhreppur telur það fullkomlega óásættanlegt að rekstrarstyrkur vegna áætlunarflugs frá Vopnafirði og Þórshöfn sé ekki tryggður nema til næstu tveggja ára. Fyrir íbúa þessara staða er þetta eini almenningsamgöngumátinn til og frá viðkomandi stöðum. Þessi mikilvægi samgöngumáti má ekki undir neinum kringumstæðum falla niður. Enda eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar að almenningsamgöngur séu góðar innan svæða og einnig og ekki síður til og frá höfuðborg allra landsmanna. Vonast er til þess að yfirvöld samgöngumála tryggi fjárveitingar til þessara samgangna.”

Þessu er hér með komið á framfæri með von um farsæla lausn mála.

Með bestu kveðjum,

Þorsteinn Steinsson
Sveitarstjóri
Vopnafirði

Samrit: Innanríkisráðuneytið og Umhverfis- og Samgöngunefnd Alþingis.

23.02.12

Umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Efni: Umsögn Vopnafjarðarhrepps um frumvarp til laga um annars vegar samgönguáætlun 2011-2014 og hins vegar 2011-2022, mál 392 og 393.

Samgönguáætlun er unnin til 12 ára í senn og skipt upp í þrjú fjögurra ára áætlunartímabil, sem skiptast upp í Flugmálaáætlun, Siglingamálaáætlun og Vegáætlun. Annars vegar er fjallað sérstaklega um 1. tímabil áætlunarinnar þ.e. 2011-2014 og hins vegar um öll tímabilin þrjú á tímabilinu 2011-2022.

Vopnafjarðarhreppur mælir með slíkum heildarramma um áætlanagerð fyrir samgöngur í lofti, láði og legi og telur að heildaryfirsýn af þessum toga sé til verulegra bóta. Jafnframt er ljóst að þau megin markmið sem sett eru fram í áætluninni um greiðari samgöngur, hagkvæmari rekstur og uppbyggingu samgangna, umhverfislega sjálfbærar samgöngur og öryggi í samgöngumálum, hljóta að leiða til framfara, takist að ná þeim.

Eitt af megin markmiðum áætlunarinnar er að auka flytjanleika í samgöngukerfinu, sem taki bæði til fólks og vöru. Þessu markmiði skal náð með bættu aðgengi að samgöngum og aukinni afkastagetu kerfisins, þar sem hún er takmörkuð, einnig með því að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3 klst.

Almenningssamgöngur þurfa því að vera í góðu lagi þannig að síðast nefnda markmiðið náist. Bæði er þar átt við samgöngumáta og samgöngumannvirki. Til þess að ramma þetta vel inn er hér sérstaklega bent á mikilvægi þess að Reykjavíkurlugvöllur verði á sínum stað.

Eitt aðal vandamálið við áætlanagerð af þessum toga er að sjálfsögðu skortur á fjármunum til ný- og viðhaldsframkvæmda í samgöngukerfinu. Af þessu tilefni má sérstaklega nefna það að fjármunir til nýframkvæmda í vegamálum hafa á stuttum tíma lækkað úr nálægt 20 milljörðum í um það bil 5 milljarða til almennra vegaframkvæmda á ári. Það sér það hver maður að erfitt hlýtur að vera að uppfylla allar óskir um samgöngubætur vítt og breytt um landið við slíkar aðstæður.

Sérstakt fjármagn þarf að sjá dagsins ljós fyrir framkvæmdir við jarðgöng sem vinna skal að á tímabili fyrirbyggjandi samgönguáætlunar. Engan veginn getur talist raunhæft að slíkir fjármunir verði teknir af almennu vegafé. Slík aðgerð myndi leiða til þess að alger stöðnun yrði í almennum vegaframkvæmdum.

Vegaframkvæmdir í Norðausturkjördæmi.

- 1) Ánægjulegt er að sjá að ráðgert er að ljúka tengingu Vopnafjarðar við þjóðveg 1. Annars vegar með því að ljúka kaflanum Vopnafjörður – Brunahvammsháls og hins vegar tenging þéttbýlis Vopnafjarðar við þann veg alls 820 m.kr. sem lokið verður við á 1. tímabili.

- 2) Endurbygging á brú yfir Jökulsá á Fjöllum við Biskupaháls, sem er nánast orðin ónýtt er ekki áætluð fyrr en á 2. tímabili áætlunarinnar. Gamla brúin er orðinn mikill farartálmi á leiðinni milli Akureyrar og Egilsstaða, bæði fyrir almenna umferð og ekki síður stærri flutninga milli þessara svæða. Mjög mikilvægt er því að fjármagn verði flutt af tímabili 2 yfir á tímabil 1 í áætluninni til endurbyggingar á þessu brýna samgöngumannvirki.
- 3) Samgöngur milli Vopnafjarðar og Þistilfjarðar eru mjög aftarlega á merinni. Mikilvægt er að samgöngur á milli þessara staða verði bættar hið fyrsta til þess að auðvelda samvinnu sveitarfélaganna á svæðinu og öryggi vegfarenda. Þetta er einnig mikilvæg tenging milli nýrra vegtenginga af Þjóðvegi 1 niður til Vopnafjarðar og um Hólfaskarð til Húsavíkur og upp með Jökulsá um svokallaðan Dettifossveg vestan við Jökulsá en áætlað er að ljúka honum á 1. og 2. tímabili áætlunarinnar. Hér er lagt til að leitað verði leiða til þess að flýta samgöngubótum milli Vopnafjarðar og Þórshafnar þ.a. unnt verði að hefjast handa eigi síðar en á 2. tímabili áætlunarinnar. Samkvæmt frumvarpinu eru áætlaðar 1.150 milljónir í verkið á árunum 2019-2022.
- 4) Eitt af forgangsverkefnum samgönguáætlunar ætti að vera að binda Þjóðveg 1 bundnu slitlagi. Hér er því lagt til að reynt verði að hefja framkvæmdir við Berufjarðarbotn í lok 1. tímabils þ.a. unnt verði að ljúka framkvæmdinni í upphafi 2. tímabils. Í frumvarpi til samgönguáætlunar er fjárveiting til þessa verks öll á 2. tímabili. Í framhaldi verði þá ráðist í frekari lagfæringar á veginum yfir Öxi.
- 5) Vopnafjarðarhreppur telur að gera þurfi átak í því að koma bundnu slitlagi á aðra vegakafla, sem enn eru með malarýfirborði. Þar eru taldir fremstir í flokki Borgarfjarðarvegur, Þjóðvegur nr. 1 um Breiðdal, vegurinn um Jökulsárhlíð frá Jökulsá á Dal að Helligshéiði og Upphéraðsvegur um Fell. Mikilvægt er að leitað verði leiða til þess að flýta sem kostur er lagningu bundins slitlags á þessa vegi. Til greina kemur að leggja þá vegi, þar sem minnstur umferðarþungi er slitlagi með minni undirbyggingu en ella þyrfti að vera. Lagt er til að það verði skoðað af sérfræðingum vegagerðarinnar þ.a. unnt verði að flýta framkvæmdum þessum.
- 6) Hér er því fagnað að næstu jarðgöng á Íslandi eru áætluð á Austurlandi milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Jafnframt er minnt á mikilvægi þess fjárveitingar fáist til undirbúnings og rannsókna á næstu jarðgöngum í fjórðungnum, sem eru áætluð milli Vopnafjarðar og Héraðs um Helligshéiði eystri, milli Seyðisfjarðar og Héraðs um Fjarðarheiði og göng undir Lónsheiði. Hér er óskað eftir því að hið fyrsta verði settir fjármunir á samgönguáætlun til þess að vinna þessa rannsóknarvinnu. Þetta er mikilvægt til þess að unnt verði að ráðast í gerð næstu jarðganga í framhaldi af því að lokið er við Norðfjarðargöng.

Almenningssamgöngur:

Í samgönguáætlun koma fram skýr sjónarmið um að Landshlutasamtök sveitarfélaga taki yfir almenningssamgöngur á landi, sem hingað til hafa verið ríkisstyrktar. Allt fjármagn frá ríkinu vegna sérleyfa, einkaleyfa og skólaaksturs í hverjum landshluta verði sameinað. Þannig verði þjónusta færð að þörfum íbúana og almenningssamgöngur milli þéttbýlisstaða í hverjum landshluta eflar með grenndarstjórnsýslu og bættri nýtingu fjármagns.

Forsvarsmenn SSA og Vopnafjarðarhrepps hafa bent á nauðsyn þess að samhliða auknum áherslum á almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, sé nauðsynlegt að gera landshlutasamtökum sveitarfélaganna kleift að bæta, annars vegar þennan samgöngumáta innan svæða og hins vegar á milli svæða. Til þess að svo megi verða þarf að vera til staðar fjármagn til að vinna úr hugmyndum um bættar almenningssamgöngur á Austurlandi og almennt á landsbyggðinni.

Almenningssamgöngur verða ekki byggðar upp að neinu gagni nema aukið fjármagn fái til verkefnisins. Hér er óskað eftir því að mörkuð verð ákveðin, árleg, fjárhæð til þessa mikilvæga verkefnis landsbyggðarinnar, en í fyrirliggjandi frumvarpi að samgönguáætlun er til að mynda gert ráð fyrir að 1.000 m.kr. verði varið á ári til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, sem er hið besta mál. Slíka fjárveitingu þyrfti einnig að festa fyrir landsbyggðina. Eftir því er kallað hér.

Flugsamgöngur

Mikilvægt er að huga að nauðsynlegum nýframkvæmdum og viðhaldi á Egilsstaðaflugvelli. Þessi flugvöllur þjónar ákaflega mikilvægu hlutverki fyrir meginhluta Austfjarða hvað varðar aðgengi að Höfuðborginni okkar og mögulegu millilandaflugi. Undirstrikað er að samgönguyfirvöld stuðli að markaðssetningu hins alþjóðlega flugvallar m.t.t. til farþega-, frakt- og ferjuflugs.

Jafnframt er mikilvægt að unnið verði að eðlilegu viðhaldi flugvallar og flugleiðsögutækja á Vopnafirði og jafnframt hugað að lengingu hans úr liðlega 800 m í um 1.400 m. Flugvellir þessir eru aðgöngudyr þessa landssvæðis að því að unnt sé að ná því megin markmiði samgönguáætlunar að komast til Höfuðborgarinnar á um það bil 3 klst. Varðandi flugvellina á Vopnafirði og Þórshöfn þarf að gæta að því að framlag til innanlandsflugs verði til staðar eftir árið 2014 þ.a. unnt verði að gera nýja samninga um innanlandsflug frá þessum flugvöllum. Núgildandi samningur gildir einungis til ársloka 2014. Flug til þessara staða er algerlega nauðsynlegur samgöngumáti og má ekki undir nokkrum kringumstæðum falla út.

Hafnarmál.

1) Almennt um hafnir.

Áhersla er lögð á að haldið verði áfram að styrkja hafnaframkvæmdir til lítilla og meðalstórra fiskihafna í samræmi við hljóðan 24. gr. hafnarlaga eins verið hefur og að við endurskoðun laganna verði tekið tillit til mikilvægis þess að auk nýframkvæmda taki þau til meiriháttar viðhalds hafna og hlutfall styrkja verði sambærilegt því sem nú er.

Fjárveitingar af þessum toga eru grundvöllur þess að halda megi við fiskihöfnum landsins. Það hefur sýnt sig að gjaldskrár flestra hafna landsins duga hvergi nærri til þess að standa undir nauðsynlegum nýframkvæmdum og meiriháttar viðhaldi þeirra. Einungis stærstu hafnir landsins hafa möguleika á eðlilegri framþróun verði framkvæmdastyrkir þessir felldir út.

2) Drekasvæðið þjónustu -og umskipunarhöfn.- Olíuleit/Norðurishafssiglingar-

Eins og kunnugt er hafa sveitarfélögin Vopnafjarðarhreppur og Langanesbyggð unnið að því ásamt Iðnaðarráðuneyti og Utanríkisráðuneyti að bjóða fram þjónustu vegna væntanlegrar olíuleitar á svokölluðu Drekasvæði Norðaustur af Íslandi. Samhliða

Þessari vinnu hefur verið leitað hugmynda um að þjónusta í framtíðinni svokallaðar Norðurishafssiglingar með því að bjóða upp á trausta umskipunarhöfn í Finnafirði undir Gunnólfsvíkurfjalli í Langanesbyggð. Talsverð vinna hefur átt sér stað í þessum efnum með tilstyrk ofanefndra ráðuneyta, Siglingastofnunar, Orkustofnunar og sveitarfélaganna tveggja ásamt verkfræðistofum sem sérstaklega hafa verið ráðnar til verka í þessum efnum. Hér er um mjög stórt verkefni að ræða, sem mun hafa veruleg áhrif á atvinnulíf á Íslandi öllu og umbylta mannlífi nærliggjandi byggða. Hugsanlega er styttra í þessi mál enn ætla mætti fljótt á lítið. Ekki síst þegar lítið er til þess að þessa dagana er að finnast olía og gas við vesturströnd Grænlands og hyllir undir slíkt við austurströndina. Útboð í olíuleit á Drekasvæði er líka að fara aftur af stað og virðist áhugi þar vera nokkur. Jafnframt má búast við að styttest í það að siglingar hefjist um Norðurishafið eins og mikið er fjallað um nú. Mjög líklegt er að þessi svæði verði þjónustuð að miklu leyti frá Íslandi. Sveitarfélögin Vopnafjarðarhreppur og Langanesbyggð hafa unnið í samvinnu við ríkisvaldið og ýmsar opinberar stofnanir mikla vinnu í þessu sambandi og vísast hér í margvíslegar skýrslur í þeim efnum bæði um olíuleitina og Norðurishafssiglingar eins og fyrr hefur verið greint frá.


Til þess að mögulegt verði að markaðssetja hugmyndina er mikilvægt að ríkisvaldið komi að þessari vinnu. Ljóst er að yrði þessi hugmynd að raunveruleika þá hefði hún veruleg áhrif á atvinnubyggingu í öllu landinu og auk þess yrði um grundvallarbreytingu að ræða í sveitarfélögunum sem liggja að umræddu svæði.

Í fyrirliggjandi frumvarpi ætti því að vera fjármagn til rannsókna og undirbúnings á þessu stóra verkefni m.a. með tilliti til hugsanlegrar stórskipa- og umskipunarhafnar í Finnafirði undir Gunnólfsvíkurfjalli. Óskað er eftir því að fjárveiting til rannsókna og undirbúnings þessa verkefnis verði inni í samgönguáætlun næstu ára svo unnt verði að halda áfram rannsóknum og undirbúningi vegna þessa stóra verkefnis sem Íslendingar vilja taka þátt í.


Vopnafjarðarhreppur skilar með framangreindum hætti umsögn sinni um frumvörp til samgönguáætlunar áráanna 2011-2014 og 2011-2022.

Vonast er til að stjórnvöld sjái sér fært að taka tillit til þeirra ábendinga sem hér eru settar fram.

Með bestu kveðjum.



Þorsteinn Steinsson
Sveitarsveitarstjóri
Vopnafirði



SVEITARSTJÓRINN
VOPNAFIRÐI

Afrit: Innanríkisráðuneytið og Vegagerðin